



**RAUÐI KROSSINN VIÐ EYJAFJÖRÐ**

---

**20  
25**

**ÁRSSKÝRSLA**

# EFNISYFIRLIT

STJÓRN .....	1
ÁVARP FORMANNS .....	2
HÚSNÆÐISMÁL .....	4
STARFSMANNAMÁL .....	6
VERKEFNI EYJAFJARÐARDEILDAR .....	7
FATAVERKEFNI .....	7
VINAHÓPAR .....	12
FLÓTTAFÓLK OG INNFLYTJENDUR .....	14
VINAVERKEFNI .....	19
NEYÐARVARNIR .....	20
VIÐBRAGÐSHÓPUR .....	21
HJÁLPARSÍMINN 1717 .....	22
FRÚ RAGNHEIÐUR .....	23
NÁMSKEIÐAHALD OG FRÆÐSLA .....	25
VELFERÐARSJÓÐUR .....	26
VIÐBRÖGÐ VIÐ NEYÐARBEIÐNUM .....	27
FÉLAGSSTARF .....	28
STYRKIR OG VELUNNARAR .....	29
LOKAORÐ .....	30

# STJÓRN

Stjórn og kjörtími stjórnarmanna var þannig ákveðinn á aðalfundi deildarinnar 2024:

## FORMAÐUR

**Kosinn til tveggja ára 2025-2027**

Þorsteinn K. Björnsson (Dalvík)

## AÐALMENN

**Til tveggja ára 2025-2027 voru kosin:**

Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir (Akureyri)

Kári F. Lárusson (Akureyri)

**Til eins árs 2024-2025 voru kosin**

Lárus H. Sigurðsson (Akureyri)

**Áfram sitja í stjórninni til 2026, kosin til tveggja ára á aðalfundi 2024:**

Eva Hrund Einarsdóttir (Akureyri)

Kristín Björk Gunnarsdóttir (Akureyri)

Kristjana V. Valgeirsdóttir (Ólafsfjörður)

## VARAMENN

**Varamenn kosnir til eins árs 2024 - 2025**

Helga Margrét Freysdóttir (Grenivík)

Gunnar Már Gunnarsson (Akureyri)

Baldvin Valdemarsson var kosin skoðunarmaður reikninga til eins árs.

Á stjórnarfundi eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum og var Kristín Björk Gunnarsdóttir kjörin varaformaður, Eva Hrund Einarsdóttir ritari og Jóhanna Björk gjaldkeri.


# Ávarp formanns

Starfsemi Eyjafjarðardeildar Rauða krossins ár hvert mótast af þörfum samfélagsins hverju sinni. Það tekur oft ýmsum ófyrirséðum breytingum sem starfsfólk og sjálfboðaliðar deildarinnar bregst við með fagmannlegum hætti. Það er vissulega ánægjulegt að verða vitni að því hve lifandi starfsemin er.

Á árinu 2025 hélt deildin upp á 100 ára afmæli með pompi og prakt. Haldin var vegleg afmælishátíð en einnig var afmælisárið nýtt til sérstakrar styrkjaöflunar. Deildin var fyrsta Rauða kross deildin sem stofnuð var á landinu og hefur frá upphafi verið ein sú öflugasta. Til marks um það höfðu 75 manns skráð sig í deildina áður en stofnfundurinn fór fram en yfir 100 manns gengu í hana á stofndeginum. Þess má geta að Akureyringarnir Steingrímur Matthíasson héraðslæknir á Akureyri og Þorbjörg Ásmundsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur áttu, ásamt Sveini Björnssyni, síðar forseta, frumkvæði að stofnun Rauða krossins á Íslandi.

Á árinu var stofnað til nýs verkefnis á Dalvík sem fengið hefur nafnið Vinakaffi. Um er að ræða opið hús þar sem sjálfboðaliðar bjóða upp á kaffi og spjall og er markmið verkefnisins að ná til þeirra sem ekki eru á vinnumarkaði til að bjóða upp á félagsskap og efla tengslanetið.

Annað nýtt verkefni var að fara með fræðslu í MA og VMA um fjölmenningu og staðalímyndir. Ætlunin var, á tímum mikillar upplýsingaóreiðu, að koma réttum upplýsingum á framfæri við ungmenni á fyrsta ári í framhaldsskóla á Akureyri í von um að sporna við fordómum í garð fólks af erlendum uppruna. Fræðslunni var mjög vel tekið bæði af nemendum og kennurum skólanna og vonir standa til að finna henni farveg til framtíðar í starfi félagsins.



Þorsteinn K. Björnsson  
Formaður

Gerðir voru samningar við sveitarfélögin Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð um flokkun og sölu á textíl í takt við þann samning sem gerður var við Akureyrarbæ árið áður. Samningurinn styrkir enn frekar við fataverkefni Rauða krossins á svæðinu, en eins og flestum er kunnugt hefur Rauði krossinn séð um móttöku, flokkun og sölu á notuðum fatnaði um árabíl. Auk þess að vera umhverfisvænt verkefni þá hefur það einnig skilað nokkrum tekjum til starfsemi Rauða krossins.

Stjórn tók ákvörðun um að leggja 4 milljónir króna af söfnunarfé deildarinnar til söfnunar vegna Gaza og í færanlega heilsugæslu í Hargeisa í Sómalíu. Heilsugæslan leggur sérstaka áherslu á að veita ungbarna – og mæðravernd, þar með talið eftirlit með næringu barna. Þetta er fjórða árið í röð sem deildin leggur fram stuðning við hjálparstarf í Sómalíu.

Í árslok 2025 voru 627 félagar skráðir í deildina. Af þeim höfðu 508 greitt félagsgjöld. Þá voru 382 sjálfboðaliðar með skráðan sjálfboðaliðasamning við deildina á árinu og komu að 451 verkeiningum. Með verkeiningum er átt við framlag eins sjálfboðaliða til eins verkefnis. Vegna þess að sami sjálfboðaliði getur tekið þátt í fleiri en einu verkefni eru verkeiningarnar fleiri en sjálfboðaliðarnir. Aukning er um 3 sjálfboðaliða og 5 verkeiningar milli ára. Aldrei hafa fleiri sjálfboðaliðar verið að störfum hjá deildinni. Það er því gott og öflugt sjálfboðaliðastarf við deildina, eins og hefur verið.

Eins og fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2025 er fjárhagsstaða deildarinnar góð og er það verulega ánægjuleg niðurstaða, en ekki sjálfgefin.

Í lok árs lét deildarstjórinn, Ingibjörg Halldórsdóttir, af störfum eftir 11 ára starf við deildina. Eru henni færðar miklar þakkir fyrir öflugt starf en undir hennar stjórn hefur deildin vaxið og dafnað eins og best verður á kosið.

Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar starfsfólki og sjálfboðaliðum fyrir að halda merkjum Rauða krossins á lofti með fagmannlegri vinnu og háttvísi að leiðarljósi. Stjórnin þakkar einnig öllum sem hafa stutt hin ýmsu verkefni deildarinnar á liðnu ári með fjárframlögum og/eða vinnu.

# Húsnæðismál

Deildin hefur aðgang að húsnæði Slysavarnafélagsins á Siglufirði fyrir starf deildarinnar þar og greiðir fyrir það lága leigu. Í Ólafsfirði leigir deildin rými af Slysavarnafélaginu undir vinaverkefni. Þar eru jafnframt flokkuð föt og rekin fataverslun. Á Dalvík er rekið vinaverkefni ásamt því að föt eru flokkuð og verslun starfrækt í leiguhúsnæði. Á Akureyri er verslun, fataflokkun, kennslusalir og skrifstofuaðstaða í eigin húsnæði deildarinnar við Viðjulund 2. Þar er einnig sinnt verkefnum á borð við Frú Ragnheiði og Hjálparsímann 1717, tekið á móti flóttafólki og haldnir eru fjölbreyttir viðburðir tengdir starfinu. Þá kemur handverkshópur saman í Viðjulundi vikulega.

Á árinu var farið í talsverðar endurbætur á húsnæðinu við Viðjulund. Farið var í múrviðgerðir á húsnæðinu að utan og stærstur hluti þess málaður, gert er ráð fyrir að ljúka þeirri vinnu sumarið 2026. Skipt var um gler í stafni hússins að austanverðu. Settur var nýr tæknibúnaður í kennslusal í suðurhluta húsnæðisins og skipt út bakaraofni.



Starfsstöð deildarinnar við Viðjulund á Akureyri

Nýting húsnæðisins við Viðjulund var mjög góð á árinu. Salarleiga hefur aldrei verið meiri og fjöldi skyndihjálparnámskeiða sömuleiðis. Ýmsir viðburðir og námskeið voru haldin fyrir skjólstæðinga og sjálfboðaliða. Stærstu viðburðirnir voru 100 ára afmælisveisla deildarinnar, sumargrill og jólahlaðborð fyrir sjálfboðaliða. Kennslusalir voru vel nýttir undir námskeið, fundi, fatamarkaði, handverkshóp og aðra starfsemi.

Fataverkefnið nýtir um 40% af húsnæðinu. Hjálparsíminn, Frú Ragnheiður og neyðarvarnir samnýta aðstöðu í Guðnýjarstofu. Hún er einnig er nýtt sem skrifstofa undir starfsmann landsskrifstofu sem hefur starfsaðsetur sitt hjá deildinni, auk þess sem gestkomandi starfsmenn Rauða krossins geta nýtt sér aðstöðuna.

Leigusamningur um suðurenda húsnæðisins var við lok árs framlengdur út árið 2026. Hann tekur til alls syðsta enda hússins, þ.m.t. geymslurýmis sem deildin hafði áður til afnota og leigutaki greiðir mánaðarlega leigu fyrir.



Starfsstöð deildarinnar í Klemmuni á Dalvík



Starfsstöð deildarinnar í húsnæði Slysavarnadeildarinnar í Ólafsfirði

# Starfsmannamál

Árið 2025 var Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri í fullu starfi hjá deildinni. Sóley Björk Stefánsdóttir verkefnastjóri var í 85% starfi. Hanna Blandon var í 50% starfi húsvarðar. Róbert Theodórsson var í tímabundnu starfi til loka júlímánaðar í Evrópuverkefni um sálrænan stuðning við flóttafólk frá Úkraínu, það verkefni er unnið í samstarfi við landsskrifstofu félagsins. Hann fór svo aftur í fullt starf hjá deildinni sem verkefnastjóri í flóttamannaverkefnum frá 1. ágúst. Noelia Zapata var í fullu starfi hjá deildinni sem verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks. Berglind Júlíusdóttir og Edda Ásgrímsdóttir deildu u.þ.b. 30% stöðugildi í verktöku fyrir verkefnið Frú Ragnheiður. Álfheiður Svana Kristjánsdóttir gegndi starfi neyðarvarnafulltrúa hjá landsskrifstofu með starfsaðstöðu að hluta í húsnæði deildarinnar.



**Ingibjörg Halldórsdóttir**



**Sóley B. Stefánsdóttir**



**Hanna Blandon**



**Róbert Theodórsson**



**Noelia Zapata**



**Berglind Júlíusdóttir**



**Edda Ásgrímsdóttir**



**Álfheiður Svana  
Kristjánsdóttir**

# VERKEFNI EYJAFJARÐARDEILDAR

## Fataverkefni

- **FATASÖFNUN OG FLOKKUN**

Fötum er safnað í gáma í Ólafsfirði, á Dalvík og Akureyri, auk þess sem föt berast frá fleiri stöðum stöku sinnum.

Í Ólafsfirði eru fötin flokkuð og seld en opið er tvo eftirmiðdaga í viku. Þar er einnig tekið á móti smærri nytjahlutum. Úrgangstextíll og fatnaður sem ekki selst er sendur til Akureyrar til útflutnings og nytjahlutir sem ekki seljast þar eru einnig send til Akureyrar og eru góð viðbót við úrvalið á mánaðarlegum mörkuðum.

Á Dalvík eru föt flokkuð og seld í verslun sem opin er þrjá eftirmiðdaga í viku, tvær klukkustundir í senn. Einnig þar er tekið á móti smærri nytjahlutum. Dalvíkurverslunin fær einnig fatasendingar frá Akureyri eftir óskum. Úrgangstextíll er sendur til Akureyrar til útflutnings.



Valdís, Svana, Sóley og Hólmfríður eru sjálfbóðaliðar í fataflokkun

Á Akureyri eru föt flokkuð og seld í verslun eða á mánaðarlegum markaði. Þrjónahópur nýtir garn sem berst í fatagámana til að þrjóna og hekla vörur sem seldar eru. Þá heldur hluti hópsins utan um pop-up markaði með þrjónavörur á Ráðhústorginu að sumri og á Glerártorgi á veturna.

Reynt er að nýta það sem berst innanlands frekar en að senda út. Þannig fær Bjarg/löjgulundur, verndaður vinnustaður á

Akureyri, bómullarefni til að framleiða olíuklúta. Gleraugum er safnað og þeim komið til Kiwanis sem sendir þau erlendis til nýtingar, lögreglan og bráðamóttakan fá reglulega fatnað til nota fyrir sína skjólstæðinga. Einnig fá leikfélög á svæðinu gjarnan fatnað til afnota í leiksýningar sem þau skila svo aftur. Það sem ekki er nýtt innanlands er sent úr landi til endurvinnslu og einnig er tekið við úrgangstextíl frá Hertex og Norðurhjálp og gengið frá í sama gám til sendingar.

Talsvert var sent af fatnaði til Rauðakrossdeilda utan Eyjafjarðar en þó var mikill samdráttur frá sendingum ársins á undan. Mest var sent til Sauðárkróks eða 122 þokar en einnig fóru sendingar til Blönduóss, Húsavíkur, Búðardals, Suðurnesja og Borgarness, samtals 346 þokar. Á árinu 2025 voru sendir alls þrettán 40-feta gámar, sem samsvarar 150 tonnum af fatnaði, erlendis frá Eyjafirði. Útflutningur var minni en á árinu 2024, sem nemur einum gámi. Sjálfbóðaliðar sem unnu að fatasöfnun og flokkun voru 43, þar af 25 á Akureyri, 5 á Dalvík, 7 í Ólafsfirði og 2 á Siglufirði.

Frá upphafi árs var verkefnið starfrækt samkvæmt lögum sem gera sveitarfélögum skylt að halda úti sérstakri söfnun á textíl. Við lok árs 2024 gerðu Rauði krossinn við Eyjafjörð og Akureyrarbær með sér samkomulag um söfnun, flokkun og sölu á textíl og í upphafi þessa árs var samið við Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð um sambærilega þjónustu.



Jóhanna, Valgerður og Lárus vinna hörðum höndum við fataflokkun




Jóhanna, Valgerður og Linda eru sjálfbóðaliðar í fataflokkun

## • FATAVERSLANIR

Eyjafjarðardeild rekur verslanir með notaðan fatnað á Akureyri, Dalvík og í Ólafsfirði. Í þeim tveimur síðarnefndu eru einnig seldir smærri nytjahlutir.

Sjálfbóðaliðar í fataverslunum og fatamörkuðum voru 67, þar af 54 á Akureyri, 7 á Dalvík og 5 í Ólafsfirði. 17 sjálfbóðaliðar luku störfum á árinu en 11 nýjir hófu störf. Meðal starfstími núverandi sjálfbóðaliða í verkefninu er 5 ár en lengsti starfstími er 24 ár.



Nýbreytni á árinu var að Vinnuskóli Akureyrar óskaði eftir að deildin tæki við starfsmanni vinnuskólans yfir sumartímamann til starfa í fataverslun. Það gekk eftir og fékk deildin til liðs við verslunina á Akureyri afar duglega og samviskusama 15 ára stúlku.

Á árinu var sett saman handbók um starf sjálfbóðaliða í verslun á Akureyri í því augnamiði að samræma verklag og auðvelda nýliðum innkomu í starfið. Mikil ánægja var með framtakið meðal sjálfbóðaliða, einkum nýliða.

Breytingar voru á starfseminni í fataverkefni Ólafsfjarðar þar sem hópstjóri sem byggt hafði upp verkefnið frá upphafi hætti störfum og aðrir sjálfbóðaliðar skiptu með sér utanumhaldi um verkefnið.



Fataverslun á Akureyri

## • FATAMARKAÐIR

Markaðir með föt, skó og nytjahluti eru haldnir á Akureyri fyrsta miðvikudag og fimmtudag hvers mánaðar. Í maí var ákveðið að lengja opnunartíma fyrri dag markaðarins svo nú er opið 12-19 á miðvikudegi en eins og áður 12-17 á fimmtudegi. Breytingin var auglýst á samfélagsmiðlum og fékk mjög mikla dreifingu sem olli því að margir heyrðu af markaðnum í fyrsta sinn. Þessar breytingar hafa valdið því að salan hefur aukist til muna og fjölbreytni viðskiptavina hefur aukist og er þar mest áberandi hversu ungir karlar eru orðnir duglegri við að sækja markaðinn.

Auk þess að gera fólki kleyft að gera góð kaup þjóna markaðirnir félagslegu hlutverki þar sem góð stemmning skapast, sérstaklega fyrstu klukkustundirnar þegar fjöldinn er mestur.

Líkt og í fyrra voru haldnir tvennir tveggja daga fatamarkaðir á háskólasvæðinu í samstarfi við umhverfisnefnd Háskólans á Akureyri. Þrír sjálfbóðaliðar úr interACT verkefni deildarinnar og einn úr röðum skiptanema við skólann sáu um undirbúning, uppsetningu og afgreiðslu með stuðningi verkefnastjóra deildarinnar og formanns umhverfisnefndar Háskólans, Audrey Louise Matthews. Mikil ánægja var með markaðinn, bæði hjá þeim sem að honum komu og ekki síður hjá nemendum og starfsfólki Háskólans.



Pauline sjálfbóðaliði á Pop-up markaði í Háskólanum á Akureyri



Mánaðarlegur markaður á Akureyri í undirbúningi



## MÁNAÐARLEGUR MARKAÐUR

Húsnæði Rauða krossins Víðjúlundi 2

Haldinn fyrsta **miðvikudag** og **fimmtudag** í hverjum mánuði

Opið 12-19 miðvikudag

Opið 12-17 fimmtudag

## 2.500 kr. karfan



## • TORGSÖLUR

Torgsölur eru einskonar „pop-up markaðir“ sem haldnir eru á Ráðhústorginu á Akureyri á sumrin og Glerártorgi á veturna. Þar eru seldar lopavörur sem komið hafa í söfnunargáma eða hafa verið þrjónaðar úr innkomnu garni í þrjónahópnum á Akureyri. Miðað er við að setja upp torgsölu á Ráðhústorgi þegar flestir farþegar skemmtiferðaskipa eru í höfn og snemma vors fara sjálfboðaliðar yfir sumarátætlun Hafnarsamlags Norðurlands og skipuleggja hvaða daga torgsala verður haldinn. Sjálfboðaliðar í torgsölu voru 5 en fleiri aðstoða við flutninga og uppsetningu á vörum. Til að auðvelda verkið hefur deildin fengið lánaða aðstöðu gjaldfrjálst í Brekkugötu 7 í húsnæði Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs og er fatnaður og annað geymt þar á milli söludaga.



Frá pop-up markaði á Ráðhústorgi

## • TEKJUR AF FATAVERKEFNUM

Tekjur af fataverslun á Akureyri voru um 22,2 mkr., á Dalvík 5,1 mkr. og 1,6. mkr. í Ólafsfirði. Heildartekjur af mörkuðunum voru um 6,75 mkr. og tekjur af torgsölum um 4,3 mkr.

Heildartekjur af fatasölu Eyjafjarðardeildar voru rétt rúmlega 40 mkr. sem er 400.000 kr minna en árið 2024. Þessu til viðbótar var seldur fatnaður úr verslunum og á mörkuðum deildarinnar fyrir fatakort að andvirði um 4,9 mkr. Sem er sambærilegt við fyrra ár. Deildin skilaði tæpum 12,7 mkr. til sameiginlegra verkefna á landsvísu en tekjur af þessu verkefni standa undir verulegum hluta af kostnaði við rekstur deildarinnar. Þá hefur söfnun og endurnýting fatnaðar víðtækara samfélagslegt gildi sem öflugt umhverfisverkefni.

# Vinahópar

Drír vinahópar voru starfræktir á Eyjafjarðarsvæðinu á árinu.

Í Ólafsfirði hittist hópur tvisvar í viku þar sem fólk kemur saman og spjallar, flokkar og selur föt og fæst við handavinnu. Um er að ræða virkniverkefni þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna þau störf sem þeir treysta sér til eða bara fá sér kaffi, hitta annað fólk og taka þátt í uppbyggilegu spjalli. Breytingar urðu í verkefninu á árinu þegar hópstjóri sem þróað hefur verkefnið frá upphafi hætti störfum. Á fyrri hluta árs fékk hópurinn heimsókn frá landsskrifstofu Rauða krossins. Það voru þær Elfa Dögg S. Leifsdóttir, teymisstjóri geðheilbrigðis og sálfélagslegs stuðnings og Sigurbjörg Birgisdóttir sérfræðingur í sjálfbóðaliðastjórnun. Á fundinum voru lögð drög að samskiptasáttmála hópsins sem síðan var unnið áfram með á tveimur fundum með verkefnastjóra. Í desember var haldin jólagleði hjá hópnum en hún er haldin í ljósi þess hversu erfitt getur verið fyrir hópinn að sækja jólagleðiviðburð til Akureyrar.

23 voru skráð í vinahópin og mæta nokkuð reglulega en fleiri koma við í kaffi og spjall annað slagið og njóta þannig góðs af hópnum án þess að vera reglubundnir þátttakendur. Að meðaltali komu 15 manns í húsið hvern opnunardag.

Í upphafi árs var farið af stað með vinahópsverkefni á Dalvík. Verkefnið er að fyrirmynd Ólafsfjarðarverkefnisins en þó örlítið afmarkaðra að því leyti að ekki er unnið að fataflokkun á opnunartíma verkefnisins. Verkefnið gengur vel og má það þakka hversu vel hefur gengið að fá öflugra sjálfbóðaliða til starfa við verkefnið.


Þrjónahópur á Akureyri þrjónar fatnað fyrir verslanir deildarinnar en selur einnig afraksturinn á mörkuðum á Glerártorgi og Ráðhústorginu á Akureyri. Nokkrir sjálfbóðaliðar úr hópnum sjá um að flokka allt garn sem kemur í fatagámanna og merkja. Stundum þarf að rekja upp hálfkláraðar flíkur sem berast eða klára þær og einnig berast iðulega miklar garnflækjur sem greitt er úr og undið upp í hnykla. Þannig verður betri nýting á garninu og það endursöluvænna. Deildin hefur einnig sent nágrannadeildum garn.



Vinakaffi á Dalvík

Hópurinn var með vikulega samveru í Viðjulundi á árinu. Lítil óformlegur þrjónahópur er starfræktur á hjúkrunarheimilinu Dalbæ á Dalvík. Einnig eru nokkrir sjálfboðaliðar sem taka ekki þátt í þessu hópastarfi en þrjóna í heimahúsum og koma afurðunum til Rauða krossins.

Það voru 51 sjálfboðaliðar skráðir í vinarhópa, þar af 25 í Ólafsfirði, 4 á Dalvík og 22 á Akureyri.



# Stuðningur við flóttafólk og aðra innflytjendur

Byggt var ofan á þann grunn sem lagður hafði verið í þjónustu deildarinnar við flóttafólk og innflytjendur síðastliðin ár og haldið áfram að þróa hana svo hún mæti sem best þörfum í nærsamfélaginu. Áfram var boðið upp á stuðning við hefðbundið íslenskunám, bæði í formi einstaklings- og hópstuðnings. Verkefnið interACT, sem miðar að því að auka tækifæri innflytjenda til þátttöku í sjálfbóðaliðastarfi félagsins, tók að mótast að aðstæðum hér á Norðurlandi. EU4Health verkefnið var starfrækt fram á sumar og sum þeirra verkefna sem upp úr því spruttu héldu áfram út árið. Segja má að ungmenna- og málsvarastarfi deildarinnar hafi verið slegið saman á árinu. Í stað verkefna sem miða að félagsvirkni fyrir ungmenni með erlendan bakgrunn var ákveðið að fræða öll ungmenni á fyrsta ári í framhaldsskóla á Akureyri, óháð uppruna, um fjölmenningu til þess að sporna við fordómum.

## • EINSTAKLINGS STUÐNINGUR

Dregið var enn frekar úr vægi þörunarverkefna, þar sem sjálfbóðaliði og skjólstaðingur eru paraðir saman til að hittast með reglulegu millibili, í takti við þróun síðustu ára. Leiðsöguvinaverkefnið, sem hafði verið miðja þjónustunnar fyrir árið 2022 þegar verulega fjölgaði í hópi þeirra sem hingað leita um alþjóðlega vernd, var aðeins nýtt í undantekningartilvikum fyrir einstaklinga sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að fóta sig félagslega. Tímalengd þörunar er nú einstaklingsmiðuð og tekur mið af þörfum hvers og eins. Eins er Tölum saman - þörunarverkefni sem snýr að íslenskuþjálfun - aðeins nýtt sem úrræði fyrir þau sem ekki geta, af einhverjum ástæðum, sótt hópstuðning deildarinnar.

Alls voru leiðsöguvinapör 2 og tungumálavinapör 7 á árinu.

Áfram var boðið upp á opna viðtalstíma vikulega þar sem starfsfólk deildarinnar veitti flóttafólki og innflytjendum praktískan stuðning af ýmsum toga. Þessi stuðningur felst m.a. í upplýsingagjöf, tilvísunum til annarra þjónustuaðila eða úthlutun inneignarkorta í fataverslanir Rauða krossins á starfssvæðinu. Vegna lagabreytinga og breytinga á framkvæmd hins opinbera á endurnýjun dvalarleyfa var aðstoð við það fyrirferðarmikill þáttur í þessari þjónustu á árinu. Einnig var veittur sálrænn stuðningur, bæði innan og utan slíkra viðtalstíma. Áhersla er á valdeflingu og að mæta fólki með hlýju og af virðingu.

Til viðbótar við þessa viðtalstíma hefur fólk af erlendum uppruna nær daglega samband við starfsfólk deildarinnar með ósk um aðstoð af einhverju tagi.


Alls voru 404 komur á skrifstofu vegna praktíks stuðnings á árinu.

## • ÍSLENSKUPJÁLFUN Á AMTSBÓKASAFNINU

Vikulegir hittingar á Amtsbókasafninu til þess að æfa íslensku voru á sínum stað. Þar taka 2-3 íslenskumælandi sjálfboðaliðar á móti fólki sem er að læra tungumálið. Ekki er um hefðbundna kennslu að ræða, heldur þjálfun tungumálsins í gegnum samtal og leik. Þessi þjónusta stendur öllum þeim sem kunna að hafa áhuga til boða, hvort sem þau hafa fengið veitta alþjóðlega vernd, eru enn í umsóknarferli eða dvelja hér á landi á öðrum forsendum. Þjálfunin er aðlöguð að getustigi þeirra sem koma hverju sinni og hentar því öllum óháð kunnáttu.



Í lok árs 2024 var Rauða krossinum á Íslandi úthlutaður styrkur úr Þróunarsjóði innflytjendamála til að bæta gæði námsefnisins sem stuðst er við í íslenskuþjálfun félagsins og samræma verklag milli landshluta. Starfsfólk Eyjafjarðardeildar leiddi þá vinnu en hún var unnin í samstarfi við landsfélög Rauða krossins í Noregi, Danmörku og Finnlandi sem skiptust á námsefni og þekkingu á tungumálþjálfun innflytjenda. Rauði krossinn á Íslandi uppskar heilmikið með þátttöku í verkefninu, m.a. urðu til tvær nýjar handbækur ætlaðar sjálfboðaliðum í íslenskuþjálfun og verðmæt innsýn í hvernig móðurmálsþjálfun er háttað á hinum Norðurlöndunum.



Alls voru 37 íslenskuþjálfunar viðburðir á árinu og 179 komur. Sjálfboðaliðar voru 10.

## • INTERACT

InterACT er verkefni sem starfrækt hefur verið á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Það hefur að markmiði að auka tækifæri fólks af erlendum uppruna til þátttöku í sjálfboðaliðastarfi félagsins. Í lok árs 2024 var farið af stað með verkefnið hér við Eyjafjörð og á þessu ári hefur það verið aðlagað staðbundnum aðstæðum. Haldnir voru fjölbreyttir viðburðir undir merkjum InterACT í samstarfi við ýmis félög á Akureyri, allt frá bútasauri til strandhreinsunar. Þegar líða tók á árið var samstarf við Amtsbókasafnið á Akureyri í fyrirrúmi, þó ekki hafi loku fyrir samstarf við önnur félög á svæðinu verið skotið.

Alls voru 19 interACT viðburðir á árinu og þátttakendur alls 112.

## • EU4HEALTH

Eyjafjarðardeild hóf þátttöku í verkefni á vegum Evrópusambandsins sem nefndist EU4Health síðla árs 2024. Verkefnið var sett á fót sem viðbragð við fjöldaflóttanum frá Úkraínu og miðaði annars vegar að því að þjálfa þjónustuaðila í sálrænni fyrstu hjálp og hins vegar að hrinda af stað samfélagsverkefnum sem stuðla að bættri andlegri vellíðan flóttafólks.

Þjálfunin sem um ræðir fólst í námskeiðahaldi í sálrænni fyrstu hjálp, almennri sem og sértækri, ætluðu fagfólki sem starfar með börnum. Verkefnastjóri deildarinnar í málefnum flóttafólks hélt utan um þjálfunina fyrir allt Norðausturland með stuðningi frá starfsfólki landsskrifstofu sem vann að verkefninu á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Mikill áhugi var á þjálfuninni meðal þjónustuaðila á svæðinu og til marks um það rataði hún m.a. á dagskrá fræðsludaga hjá Velferðarsviði Akureyrarbæjar sem öllu starfsfólki sviðsins stóð til boða að sækja.

Alls voru námskeiðin 13 – þar af tvö á Egilsstöðum – og þátttakendur 377 talsins.



Síðarnefndi angi verkefnisins hlaut nafnið Wellbeing4U hér á Íslandi og greindi sig frá öðrum verkefnum félagsins er viðkemur flóttafólki í því að hafa geðheilbrigði í forgrunni, fremur en aðlögun að íslensku samfélagi. Á vegum deildarinnar voru fjölbreytt verkefni sett af stað undir þessum hatti, auk þess sem úkraínskur sálfræðingur kom í tvígang frá Reykjavík með fræðslu. Einstaklingar úr hópi flóttafólks gegndu stóru hlutverki í þessum verkefnum, bæði sem hugmyndasmiðir og sjálfboðaliðar. Mörg þessara verkefna voru vel heppnuð og hafa öðlast framhaldslíf sem hluti almennrar þjónustu deildarinnar við flóttafólk.

Alls voru 89 viðburðir af þessum toga á árinu og 410 komur. Sjálfboðaliðar voru 6.

#### • **FJÖLMENNINGARFRÆÐSLA OG ANNANÐ MÁLSVARASTARF**

Vegna þeirrar upplýsingaóreiðu sem ríkir um málaflokkinn þótti ástæða til að fara af stað með fræðslu um fjölmenningu og staðalímyndir ætlaða ungmennum á fyrsta ári í framhaldsskólum á Akureyri. Ætlunin var að koma réttum upplýsingum á framfæri í von um að sporna við fordómum í garð fólks af erlendum uppruna. Fræðslan fékk að vera hluti af nýnemafræðslu Menntaskólans á Akureyri og lífsleikni í Verkmenntaskólanum og nær því til stærsta hluta ungmenna svæðisins. Fræðslunni var mjög vel tekið bæði af nemendum og kennurum skólanna og vonir standa til að finna henni farveg til framtíðar í starfi félagsins.

Heimsóttir voru 13 bekkir af 20 á haustönn.

Verkefnastjóri deildarinnar var virkur þátttakandi í gerð umsagna vegna fyrirhugaðra lagabreytinga, auk annarra sambærilegra verkefna, í samstarfi við sérfræðing landsskrifstofu í málsvarastarfi.

## • TILFALLANDI VIÐBURÐIR

Samstarf var við Huldustíg ehf. um álfaleiðsögn um Lystigarðinn á Akureyri, auk tveggja vinnustofa þar sem málaðar voru vatnslitamyndir og mynduð tenging við íslenska náttúru.

Þá stóð deildin að átta vikna sundnámskeiði fyrir konur sem ekki vilja stunda sund ásamt karlmönnum af menningarlegum eða öðrum ástæðum. Fræðslu- og lýðheilsuráð Akureyrarbæjar lánuðu Glerárlaug utan opnunartíma í verkefnið og á bestu þakkir skilið fyrir það. Einn sjálfboðaliði sem starfar sem sundkennari sá um kennsluna og hafði annan sjálfboðaliða sér til aðstoðar. Alls tóku 13 konur þátt í námskeiðinu.

## THE HIDDEN TRAIL

### TOUR AT THE BOTANICAL GARDEN

Bryndís Pétursdóttir will share stories and intriguing facts about elves and hidden people during an English-language tour.

 Tuesday 6<sup>th</sup> of May

 17:00 - 18:00

 Akureyri Botanical Garden



# Vinaverkefni

Helsta markmið vinaverkefnanna er að sporna gegn félagslegri einangrun, veita félagsskap, nærveru og hlýju. Á árinu 2025 voru 52 vinapör í verkefninu. Meirihluti gestgjafa er eldra fólk sem býr heima hjá sér, en vaxandi hluti skjólstæðinga er félagslega einangrað yngra fólk sem oft á við geðrænar áskoranir að stríða. Þetta gerir verkefni fjölbreyttari og því mikilvægt að sjálfbóðaliðar séu vel undirbúnir og fái góðan stuðning í sínum störfum. Fjögur nýliðanámskeið voru haldin í verkefninu á Akureyri. Leiðbeinandi á námskeiðunum var Jóhanna María Agnarsdóttir sem einnig er virkur sjálfbóðaliði í heimsóknarvinaverkefni.


Tvisvar á ári er hringt í alla sjálfbóðaliða og alla gestgjafa í verkefninu til að kanna líðan og ánægju með verkefnið. Það gera tveir þaulreyndir sjálfbóðaliðar, Margrét



Ríkarðsdóttir og Jón Baldvin Halldórsson. Mikil ánægja er með þessa eftirfylgni bæði hjá sjálfbóðaliðum og gestgjöfum.

Hundavinir nefnast þeir sjálfbóðaliðar sem hafa hund í fylgd með sér í heimsóknum til skjólstæðinga. Tvö nýliðanámskeið fyrir hundavini voru haldin á árinu. Umsjón nýliðanámskeiða er alfarið í höndum sjálfbóðaliða en það eru þær Sunna Birnudóttir, Lena Tómasdóttir, Maríanna Lind Garðarsdóttir, María Björk Guðmundsdóttir og Kristbjörg María Bjarnadóttir sem sjá um að meta hundana og halda námskeið.

Erfitt er að setja tölu á fjölda þeirra sem njóta góðs af heimsóknarvinaverkefnum því flestir hundavinir og nokkrir heimsóknarvinir heimsækja stór heimili án þess að vera með sérstakan gestgjafa.



Heimsóknarstaðir auk einkaheimila voru hjúkrunarheimilin Hlíð og Lögmannshlíð, Skóla- og skammtímavistun fyrir börn, þjónustukjarninn Klettaborg og Dalbær á Dalvík

Í heimsóknarvinum voru 59 sjálfbóðaliðar, þar af 57 á Akureyri, einn á Dalvík og einn á Siglufirði.

# Neyðarvarnir

Það er lögbundið hlutverk Rauða krossins í almannavörnum að bregðast við hópslysum og náttúruvá sem ógnar fjölda fólks með því að opna fjöldahjálparstöðvar og veita þar aðhlynningu. Eyjafjarðardeild er reiðubúin til að opna slíkar stöðvar á starfssvæði deildarinnar og hefur á hverjum stað tiltæka sjálfboðaliða til að takast á við slík verkefni. Utanumhald með fjöldahjálparhópum á starfssvæðinu er í höndum starfsfólks Rauða krossins við Eyjafjörð. Reglulega eru haldin vefnámskeið fyrir sjálfboðaliða sem hafa áhuga á að starfa í fjöldahjálp. Slík námskeið eru haldin af starfsfólki Landsskrifstofu á neyðarvarnarsviði og eru ávallt fyrir sjálfboðaliða af öllu landinu, óháð staðsetningu.

Árið 2025 voru 84 sjálfboðaliðar skráðir í neyðarvarnir. Þar af voru 68 sjálfboðaliðar skráðir í fjöldahjálp á starfssvæðinu. Af þeim voru 35 á Akureyri, 10 á Grenivík, 3 í Grímsey, 8 á Dalvík, 6 á Siglufirði og 6 í Ólafsfirði. Í viðbragðshóp voru skráðir 16 sjálfboðaliðar; flestir á Akureyri en einn í Ólafsfirði og einn á Grenivík. Því til viðbótar voru 3 í aðgerðastjórn og 3 á bakvaktarsíma Rauða krossins.

Neyðarvarnafulltrúi og þrjú sjálfboðaliðar sóttu ráðstefnu viðbragðsaðila sem haldin var á Húsavík í mars. Þar voru samankomnir viðbragðsaðilar af öllu Norðurlandi eystra sem og starfsmenn almannavarna, bæði frá höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.



Útstilling á 112 deginum

# Viðbragðshópur

Í viðbragðshópi Eyjafjarðardeildar eru sérþjálfaðir sjálfboðaliðar í að veita sálrænan stuðning eftir alvarleg áföll. Sjálfboðaliðar skipta með sér vöktum og eru tveir til þrír á vakt í einu, viku í senn. Teymið fór í fjögur útköll á árinu. Þar sem um var að ræða alvarleg slys. Hópstjórar halda viðrunarfundi með þeim sjálfboðaliðum sem fara í útkall ef þörf er á. Viðrunarfundir eru ýmist haldnir í húsnæði Rauða krossins eða á fjarfundi, eftir aðstæðum hverju sinni. Hópstjórar viðbragðshóps á árinu voru Katrín Guðrún Guðjónsdóttir og Eydís Ösp Eyþórsdóttir. Utanumhald með viðbragðshópum á landsvísu er í höndum landsskrifstofu en sjálfboðaliðarnir tilheyra deildum.

Í janúar var haldin fræðsla um Learning Platform IFRC en þar er að vinna ýmislegt fræðsluefni og námskeið. Í febrúar tóku sjálfboðaliðar í viðbragðshóp þátt í að halda 112 daginn hátíðlegan. Mikil og glæsileg sýning var sett upp á Glerártorgi og komu allir viðbragðsaðilar á Akureyri þar að. Einnig var farinn ljósarúntur um bæinn þar sem viðbragðsaðilar keyrðu um í bílalest með ljósin á og vakti það mikla og góða athygli. Í sama mánuði var samvera viðbragðshóps og rýni á heimildarmyndina Fjallið það öskrar.

Neyðarvarnamálþing var haldið í Reykjanesbæ í mars og voru þar fjölbreytt erindi haldin og góð samvera.

Í apríl héldu Elfa Dögg S. Leifsdóttir sálfræðingur teymisstjóri heilbrigðisverkefna Rauða krossins og Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, neyðarvarnafulltrúi námskeið um hvernig halda skal viðrun. Í október var samvera hópsins og kom Ingunn Eir Eyjólfsdóttir frá Sorgarmiðstöð og kynnti verkefnið Hjálp 48. Í nóvember tóku sjálfboðaliðar þátt í minningardegi um fórnarlömb umferðaslysa.



# Hjálparsíminn 1717 – Símsvörun



Sjálfbóðaliðar í símsvörun fyrir Hjálparsímann 1717 geta verið staðsettir á Akureyri. Verkefnið er samvinnuverkefni milli landsskrifstofu og Rauða krossins við Eyjafjörð. Samstarf er við Háskólann á Akureyri þar sem nemendur í sálfræði geta fengið metið til eininga sjálfbóðastarf í Hjálparsímanum. Verkefninu er stýrt frá Landsskrifstofu Rauða krossins en verkefnastjóri Eyjafjarðardeildar aðstoðar við öflun sjálfbóðaliða ásamt því að aðstoða sjálfbóðaliða eftir þörfum og halda utan um kynningarstarf og tengsl við Háskólann á Akureyri.

Á árinu tóku 9 sjálfbóðaliðar þátt í verkefninu á Akureyri.



# Frú Ragnheiður

Starf Eyjafjarðardeildar í anda skaðaminnkunar undir merkjum Frú Ragnheiðar felst í nálaskiptaþjónustu, sálrænum stuðningi og heilbrigðisaðstoð við einstaklinga sem nota vímuefni í æð. Sjálfboðaliðar eru á vöktum þrisvar í viku en sinna einstaklingum utan vaktatíma endrum og eins. Sjálfboðaliðar eru á öllum aldri og með mismunandi reynslu og menntun. Ávallt eru tveir sjálfboðaliðar á vakt og einn reyndur sjálfboðaliði á bakvakt. Í kjölfar samnings félagsins við Sjúkratryggingar Íslands er annar sjálfboðaliðinn á vakt með heilbrigðismenntun en auk þess hefur verkefnið aðgang að lækni sem getur m.a. ávísað sýklalyfjum.

Í janúar hafði verið stefnt að því að halda námskeið fyrir tilvonandi sjálfboðaliða á Tröllaskaga og í kjölfarið hefja þjónustu Frú Ragnheiðar á því svæði, dræm skráning var á námskeiðið og var því þá frestað um óákveðinn tíma. .



Berglind og Edda eru verkefnastjórar í Frú Ragnheiði

Frú Ragnheiður tók á árinu þátt í 112 deginum sem haldinn var á Glerártorgi þar sem viðbragðsaðilar kynntu störf sín. Mikil ánægja var með daginn meðal almennings.

Fjöldi einstaklinga sem leitaði til Frú Ragnheiðar árið 2025 voru 43 í 299 heimsóknum en árið 2024 voru 39 í 383 heimsóknum.

Starfsmenn verkefnisins héldu áfram að sinna grunn áherslum í verkefninu á árinu, t.a.m. málsvarastarfi í þágu skjólstæðinga með framkomu í fjölmiðlum með ákall um nauðsynlegar úrbætur á Eyjafjarðarsvæðinu.

Á árinu var einnig unnið að auknu samstarfi við félagsráðgjafa hjá Akureyrarbæ og var prufað að bjóða upp á þjónustu félagsráðgjafa alla miðvikudaga í febrúar og mars. Fyrirkomulagið var þannig að verkefnastjórar skiptu með sér dögum og fóru ásamt ákveðnum félagsráðgjafa til einstaklinga sem vildu þiggja þjónustu. Eftir þessa tvo mánuði var haldið áfram með tengingu við félagsráðgjafann en ekki var föst viðvera ákveðna daga.

Í mars fóru verkefnastjórar á fund með Matthildarsamtökunum til að kynnast þeirra verkefni.

Í apríl var öryggi sjálfboðaliða aukið í bílnum með því að fá tetra talstöð í bílinn þannig að hægt sé að kalla eftir aðstoð fljótt ef á þarf að halda, ekki reyndi á það þetta árið.

Í júní fóru deildarstjóri og verkefnastjóri ásamt starfsmönnum Frúarinnar á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum til Strassborgar í Frakklandi og kynntu sér stöðu einstaklinga með fíknivanda í Evrópu og skoðuðu neyslurými. Í sama mánuði var í fyrsta sinn prufað að hafa vaktir yfir bíladagahelgina þar sem mikill fjöldi manns kemur til Akureyrar þá helgi. Ánægja var með það fyrirkomulag og voru einhverjir sem nýttu sér bílinn yfir helgina.

September fór að hluta til í að undirbúa sjálfboðaliðanámskeið og fóru verkefnastjórar í viðtal hjá Víkublaðinu til að auglýsa verkefnið. Í október var nýliðanámskeið, dræmari þátttaka var í ár en á fyrri námskeið en mjög efnilegir einstaklingar sem allir komu inn í verkefnið í kjölfarið.

Í nóvember var verkefnið kynnt fyrir sjúkraliðum á Norðurlandi og augljóst að mikill áhugi á verkefninu er meðal þeirra. Í desember hittust nokkrir sjálfboðaliðar og settu saman fallegar jólagjafir fyrir skjólstæðinga okkar.

44 sjálfboðaliðar tóku þátt í verkefninu á árinu. Nokkrir sjálfboðaliðar tóku sér pásu í verkefninu eða hættu eftir langan tíma. Það var því þónokkur endurnýjun sjálfboðaliða sem skýrir þennan aukna fjölda sjálfboðaliða frá fyrra ári. Sjálfboðaliðarnir eru mjög öflugir og hika ekki við að bjóða sig aukalega fram, til viðbótar við sitt venjubunda starf. Þannig var nægt framboð sjálfboðaliða til að manna og undirbúa viðburði sem haldnir voru.

Alls 110 lítrum af notuðum búnaði var fargað í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri.



Sjálfboðaliðar Frú Ragneiðar kynntu verkefnið á 112 deginum



# Námskeiðahald og fræðsla

Fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu kaupa skyndihjálparnámskeið af Rauða krossinum en kennslan fer ýmist fram í fyrirtækjunum sjálfum eða í húsnæði Eyjafjarðardeildar. Kennarar á vegum Eyjafjarðardeildar héldu 81 námskeið fyrir 1271 þátttakendur í skyndihjálp á árinu sem er sambærilegur fjöldi og árið áður. 11 námskeið í sálrænni fyrstu hjálp voru haldin fyrir fagaðila á Akureyri. Auk þessa voru ýmis fjölbreytt námskeið voru haldinn fyrir sjálfboðaliða og skjólstæðinga deildarinnar.

Haldnar voru 9 kynningar á árinu fyrir 134 þátttakendur. Meiri hluti kynninga voru haldnar fyrir hópa sem komu í heimsókn til að kynna sér starfsemi deildarinnar almennt en einnig var nýja vinahópsverkefnið á Dalvík kynnt á hádegisfundi í Dalvíkurkirkju auk þess sem tveir leikskólahópar komu til að kynna sér fataverkefni.



# Velferðarsjóður

Líkt og undangengin ár vann Eyjafjarðardeild ásamt Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og Mæðrastyrksnefnd Akureyrar og nágrennis undir hatti Velferðarsjóðs Eyjafjarðar að því að styðja við bakið á þeim sem minnst hafa milli handanna. Í stjórn Velferðarsjóðsins sitja tilnefndir fulltrúar frá ofan töldum hjálparsamtökum. Rauði krossinn skipar einn stjórnarmann og einn varamann og það voru Kristín Björk Gunnarsdóttir stjórnarmaður og Baldvin Valdimarsson varamaður.

Velferðarsjóðurinn tekur á móti umsóknum um stuðning, vinnur úr þeim og afgreiðir eftir tekjuviðmiðum. Allir sem sækja um fjárhagsaðstoð til sjóðsins þurfa að senda inn staðgreiðslufirlit og þannig er tryggt að úthlutanir fari á rétta staði og að reglur sjóðsins séu virtar. Áhersla er lögð á faglega úrvinnslu en mikill fjöldi fólks sækir um og fær úthlutað allt árið um kring. Þetta ár var það fyrsta sem sjóðurinn hefur verið með starfsmann í 40% starfi og hefur það létt mikið á starfi sjóðsins og eftl fagmennsku.

Velferðarsjóður reiðir sig á framlag fyrirtækja og einstaklinga og hefur aðalfjáröflun sjóðsins verið um og í kringum jólin. Áfram var unnið í samstarfi við Glerártorg og Slippinn á Akureyri um sölu á velferðarstjörnunni, fallegu jólaskrauti sem Slippurinn á Akureyri framleiðir og hannað er af verkefnastjórum Glerártorgs.

## Jólaaðstoð

Opið verður fyrir umsóknir frá fimmtudeginum  
20. nóvember til og með 4. desember.

Sótt er um á heimasíðu sjóðsins, [www.velferdey.is](http://www.velferdey.is)

Einnig verður mögulegt að sækja um í gegnum síma 570-4270  
þriðjudagana 25. nóvember og 2. desember kl 10-13

Velferðarsjóður Eyjafjarðarsvæðis

    Rauði krossinn



Góð reynsla hefur gefist af rafræna umsóknarferlinu og sækja sífellt fleiri um í gegnum heimasíðu sjóðsins [www.velferdey.is](http://www.velferdey.is). Sjóðurinn úthlutaði á árinu rúmlega 25 milljónum króna í formi inneignakorta í matvöruverslunum auk gjafakorta frá Rauða krossinum og Hertex. Úthlutanir yfir árið voru 557 talsins og jólaúthlutanir voru 363. Upphæðinni sem úthlutað er til einstaklinga og fjölskyldna er töluvert hærri fyrir jólin en í öðrum úthlutunum yfir árið.

Þrír sjálfboðaliðar lögðu til vinnu við þetta verkefni í aðdraganda jóla, auk þess sem starfsmenn deildarinnar komu að úthlutun úr sjóðnum fyrir jólin. Rauði krossinn við Eyjafjörð leggur ekki til beint fjárframlag í sjóðinn en leggur til sjálfboðaliða, starfsfólk og aðstöðu til verkefnisins. Auk þess úthlutaði Rauði krossinn við Eyjafjörð fatakortum til umsækjenda að andvirði um 3 milljóna króna.

## Vidbrögð við neyðarbeiðnum

Rauði krossinn á Íslandi efnir eftir atvikum til neyðarsafnana vegna náttúruhamfara eða stríðsástands úti í heimi. Eyjafjarðardeild lagði á árinu 2.500.000 krónur til íbúa á Gaza og 1.500.000 krónur til færanlegrar heilsugæslu í Hargeisa í Sómalíu sem Rauði krossinn á Íslandi hefur lengi stutt við.



# Félagsstarf

Rauði krossinn er félag sem byggir á sjálfböðnu starfi. Þátttaka félagsmanna í starfi Eyjafjarðardeildar er fyrst og fremst fólgin í sjálfböðnu starfi í verkefnum deildarinnar. Þátttaka í aðalfundum er ekki almenn og almennir félagsfundir eru ekki haldnir. Haldinn var sumarfagnaður þar sem var grillað og notið góðrar stundar saman og fyrir jólin var haldið jólahlaðborð með hangikjöti og uppstúf. Um 80 sjálfböðaliðar mættu á hvorn viðburð.

Formaður ásamt deildarstjóra tóku þátt í formannafundi sem var haldinn á Akureyri 15. nóvember 2025.

Rauði krossinn við Eyjafjörð hélt upp á 100 ára afmæli deildarinnar 29. janúar 2025 með opinni kaffiveislu í sal félagsins við Viðjulund. Var veislan vel sótt bæði af sjálfböðaliðum sem og fleiri góðum gestum. Dagskráin var fjölbreytt og vegleg; bæjarstjóri ásamt fleirum héldu tölur, sjálfböðaliðar sögðu frá verkefnum sínum, Rúnar F. spilaði og söng ásamt því að gestum var boðið í kynnisferð um húsið.



Berglind Júlíusdóttir verkefnastjóri hjá Frú Ragnheiði



Jónas Karlsson sjálfböðaliði í neyðarvörnum



100 ára afmælisveisla deildarinnar var haldin með pompi og prakt

# Styrkir og velunnarar

Brauðgerðarhús Akureyrar við Sunnuhlíð og Kjörbúðin á Dalvík styrkti Rauða krossinn rausnarlega með brauði og bakkelsi fyrir sjálfboðaliða deildarinnar. Starfsmenn hjá verktakafyrirtækinu Finnur ehf halda áfram að sjá til þess að bílaplanið við Viðjulund sé fært óháð veðráttu.

Börn voru eins og fyrri ár iðin við að safna fjármunum og færa félaginu. Áður var talað um tombólur en nú eru söfnunarleiðir barnanna orðnar mun fjölbreyttari og augljóst að mikill metnaður er hjá þeim börnum sem taka sig saman um að hefja söfnun. Sem dæmi tók hópur drengja sig saman um að setja upp sölubás á leikvellinum sínum þar sem þeir seldu djús, kirsuber og kleinur til þyrstra og svangra nágranna sinna en einnig seldu þeir ýmislegt dót. Þeir komu svo færandi hendi til Rauða krossins með afrakstur vinnunnar. Samstarf er við fréttamiðlana Akureyri.net og Víkublaðið um að birta myndir og fréttir af söfnununum.

Ýmsir aðrir hafa styrkt starf Eyjafjarðardeildar sem of langt mál yrði upp að telja og fullyrða má að deildin nýtur velvilja almennings, félaga og fyrirtækja. Stjórn Eyjafjarðardeildar þakkar öllum einstaklingum, félögum og fyrirtækjum sem hafa lagt deildinni lið á árinu 2025.



Númi Már, Guðmundur Rafn, Óliver Örn, Kristófer Erik og Aron Þorsteinn söfnuðu fé fyrir Rauða krossinn

# Lokaord

Starfsemi Rauða krossins við Eyjafjörð ár hvert mótast af þörfum samfélagsins hverju sinni. Það getur tekið ýmsum ófyrirséðum breytingum sem starfsmenn og sjálfboðaliðar deildarinnar bregðast við með fagmannlegum hætti. Það er vissulega ánægjulegt að verða vitni að því hve lifandi starfsemi Rauða krossins er.

Eins og fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2025 er fjárhagsstaða deildarinnar góð og er það verulega ánægjuleg niðurstaða en ekki sjálfgefin.

Stjórn Eyjafjarðardeildar vill þakka starfsfólki og sjálfboðaliðum fyrir að halda merkjum Rauða krossins á lofti með fagmannlegri vinnu og háttvísi að leiðarljósi. Stjórnin vill einnig þakka öllum þeim aðilum sem hafa stutt hin ýmsu verkefni deildarinnar á liðnu ári með fjárframlögum og/eða vinnu.